

Póstur og sími kynnr tvær nýjungar:

# „Postfax-tækin eru bylting í pósthjónustu“

segir Kristján Helgason umdæmisstjóri hjá Pósti og síma

PÓSTUR og sími hefur tekið upp tvær nýjungar í þjónustu sinni við landsmenn og voru þær kynntar á blaðamannafundi nýlega. Annarsvegar er hér um að ræða svokallaða postfax-þjónustu, og hinsvegar þá nýbreytni í pósthjónustu að nú er hægt að senda svokallaðan forgangspóst, sem berst milli landa svo skjótt sem unnt er.

Postfax-tæki voru fyrst tekin í notkun hérlandis fyrir tæpu ári. Þau gera mönnum kleift að senda myndir, bréf eða prentað efni milli staða á örfáum mínútum, eins og

fram kom á fundinum. Kostar hver sending milli 218 kr. og 630 kr. á blaðsíðu, en miðað er við stærðina A4. Hvert tæki hefur svokallað telefax-númer, og sá sem þekkir það getur sent efni úr öðru postfax-tæki hvaðan sem er. Tækið myndar efni á svipaðan hátt og ljósritunargætt og sendir gegnum þráð. Að sögn Kristjáns Helgasonar umdæmisstjóra hjá Pósti og Síma kostar tæki af sömu gerð og stofnunin notar um 300.000 krónur. Það sé því mögulegt fyrir einstaklinga og stofnan-

ir að verða sér úti um slíkt tæki, en að sjálfsögðu sé alla þjónustu þessu viðvíkjandi einnig að fá á pósthúsum í Reykjavík og á nokkrum öðrum stöðum um landið. „Þessi tæki eru bylting í pósthjónustu,“ sagði Kristján.

Forgangspósthjónusta er veitt í nýja pósthúsinu við Ármúla. Að sögn talsmanna Pósts og síma er slíkur pósti komið á áfangastað á eins skömmum tíma og hugsanlegt er. Pósthúsbargjald fyrir forgangspóst er 2.500 krónur fyrir

fyrsta kíló en 200 krónur fyrir hvert kíló eftir það.

Á fundinum kom enn fremur fram að mikil ánægja ríkti með nýju póst- og símstöðina við Ármúla. Öll flokkur póstsins og dreifing sé nú miklu auðveldari en áður. Á hverjum degi fari um 130.000 bréf gegnum stofnunina, 3.000 böggjar og álika mörg ábyrgðarbréf. Björn Björnsson pósthjónustastjóri benti þó á að enn vantaði nokkuð á að almenningur gengi nægilega vel frá pósti sínum, til dæmis skipti það miklu máli að pósthúsum væru notuð því flokkur bréfa miðaðist algerlega við þau.

Sigurður Ingason sagði að lokum að sá húsakostur sem Póstur og Sími hefði nú á að skipa myndi líkast til duga fram yfir næstu aldamót. Það væri því hægt að snúa sér að öðrum verkefnum en húsbýggingum, og stefndi stofnunin að því að bæta þjónustu sína við landsmenn um allan helming á næstu árum.



**Sterkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!**  
Morgunblaðið

## 16767

**Helgarsími**

**12298 - 42068**

**Einbýli — raðhús**

**Hávallagata.** 3x92 fm. 1. hæð, 3 stofur, eldh., 2. h. 5 herb., sér baðherb. sér w.c. Kjallari. Séríb. með sérinng. V. 7 millj. **Háaleitisbraut.** 170 fm tengihús. V. 4,6 millj. **Hágerði.** Endaraðh., hæð og ris. V. 3 millj.

**4-5 herbergja**

**Fálkagata.** 93 fm + kj. Verð tilb. **Reykjavíkurb.** Hf. 140 fm efrir sérhæð. V. 3 millj. **Kríuhólar.** 117 fm í 3ja hæða húsi. Bílsk. V. 2,2 millj.

**3ja herbergja**

**Stóragerði.** 117 fm á 3. hæð. **Furugrund.** 90 fm vönduð ib. á 6. hæð í lyftuh. V. 1,9 millj. **Njálsgata.** 3 hæðir. 90 fm hver hæð + einstaklingsib. í kj. **Njálsgata.** 70-80 fm á 2 hæðum.

**2ja herbergja**

**Grettisgata.** 50 fm ný standsett ib. á 1. hæð **Háaleitisbr.** 75 fm góð ib. í kj.

**Sumarbústaðir**


**Þrastaskógur — Þingvellir — Hveragerði.**

**Stórar og smáar eignir**  
**Hveragerði — Hella — Hvolsv. — Selfoss — Stokkseyri — Njarðvík.**

**Lóðir**

**Seltjarnarnesi — Skerjafirði.**

**Einar Sigurðsson, hrl.**  
Laugavegi 56, sími 16767.



Morgunblaðið/Bjarni


Talsmenn Pósts og síma á fundinum voru, frá vinstri: Kristján Hafliðason, Kristján Helgason, Sigurður Ingason, Jón Helgason, Jóhann Hjálmarsson blaðafulltrúi stofnunarinnar og Gylfi Gunnarsson. Fyrir framan þá sést einhverskonar pósthjónusta, eitt af fjölmörgu í Múlastöðinni nýju, sem auðveldar alla flokkun pósts.

## „Maður er ekki fæddur í heiminn til þess að safna peningum“

Rætt við Elías B. Halldórsson myndlistarmann

ELÍAS B. Halldórsson er myndlistarmaður og hefur verið búsettur á Sauðárkróki síðastliðin tuttugu ár. Hann heldur nú um þessar mundir sýningu á Kjarvalsstöðum og hitti blaðamaður Morgunblaðsins hann að máli af því tilefni.

Eliás sagði að það hefði vissulega haft mikil áhrif á feril sinn að vera utan af landi, en kvaðst ekki gera sér grein fyrir því hvort þau væru heldur jákvæð eða neikvæð, sennilega hvort tveggja. „Það er nauðsynlegt fyrir hvern listamann að stunda list sína í tengslum við náttúruna,“ sagði hann. „Þótt maður máli kannski ekki landslag eða yrki um það, hefur náttúran geysimikil áhrif á listamanninn og hvetur hann til dáða. Það er því hollt að dvelja í samneyti við hana hvort sem er í stuttan eða langan tíma,“ bætti hann við. Þó taldi Eliás að hann hefði sjálfur verið fulllengi búsettur úti á landi, enda væri hann nú farinn að huga að flutningum til höfuðstaðarins.



Elías B. Halldórsson við eitt verka sinna

Eliás hefur haldið fjölda sýninga víðsvegar um landið, meðal annars á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Akureyri. Hann sýndi síðast í Reykjavík fyrir nokkrum árum og þá í Norræna húsinu.

Eliás er ættaður úr Borgarfirði eystra, fæddur þar og uppalinn. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann en dvaldist að því loknu um skeið í Stuttgart. Seinna lá leið hans til Kaupmannahafnar og svo heim. Hann hefur búið á Sauðárkróki síðan og framan af stundaði hann ýmis störf þar í bæ, en málaði í hjáverkum. „Ég leit ekki á mig sem listamann í þá daga,“ segir hann. En svo var það árið 1974 að hann sneri sér alfarið að málaralistinni, segist hafa fundið að honum færi ekkert fram með þessu lagi. „Ég var kominn í ágætlega launaða stöðu, loksins farinn að eiga eitthvað af peningum. En maður er ekki fæddur í heiminn til að safna peningum,“ segir hann að lokum og glottir við.

## HÚSVANGUR

**FASTEIGNASALA**  
LAUGAVEGI 24, 2. HÆÐ.



**62-17-17**

**Opið í dag 10.00-16.00**  
**Úrval eigna á söluskrá**



Viðar Böðvarsson viðskiptafr. — lögg. fast.



**SÍMAR 21150-21370**

SOLUSTJ. LARUS Þ. VALDIMARS  
LOGM. JOH ÞÓRDARSON HDL

Til sýnis og sölu auk fjölda annarra eigna:

**Ný glæsileg húseign**

Á úrvalastað neðst í Seljavegi. Nánar tiltekið einbýlish. um 250 fm auk 40 fm sérgeymslu. Ennfremur verslunar- og eða íbúðarhúsum. um 80x2 fm. Bílsk. um 40 fm. Glæsil. lóð næstum frág. Teikn. á skrifst.

**3ja herb. íbúðir við:**

**Hlíðarveg Kóp.** Um 85 fm endurnýjuð rishæð. Sérhiti. Svalir. **Kambsv. 2.** hæð um 80 fm. 4ra ára úrvals íb. Stór bílsk. **Framnesveg.** Nýleg þakshæð um 80 fm. Góð innréttung. Suðursv. **Suðurvang Hf.** Á 1. hæð um 95 fm stór og góð. Sérpvottahús. **Furugrund Kóp.** Á 3. hæð um 80 fm í enda. Mjög góð í 6 íb. húsi. Mikil útsýni. **Hæðargarð.** Neðri hæð um 85 fm. Tvíbýli. Sérhiti. Sérinng. Séríöð. Nú 3 svefnherb. Laus strax.

**4ra herb. íbúðir við:**

**Lindarbraut Seltj.** Neðri hæð um 100 fm. Ný eldhúsinnr. Nýlegt gler. Góður bílsk. Stór glæsil. lóð. Útsýni. **Inn við Sund.** Í lyftuh., ofarlega um 90 fm. Góð innr. Stórar suðursv. Ágæt sameign. Glæsil. úts. **Hjallabrekkukóp.** Glæsil. neðri hæð um 90 fm í tvíb. Sérhiti. Nýleg teppi. Tvöf. verksm.gler. Stór og fallegur trjárömur. Verð aðeins 1850 þús.

**Góð raðhús skiptamöguleiki**

Þjóðum til sölu nokkur raðh. m. a. við Jökklasél, Kambasel, Brúarás, Rauðás, Ásgarð, Otráteig, Hlíðarbyggð, Álfrólsv. Hjalldaveg, Brekkubýggð, Unufell og Reynigrund. Ýmskonar eignaskipti. Teikn. á skrifst.

**þurfum að útvega m.a.**

Íbúðir og einb. í gamla bænum. 4ra herb. nýja íb. með bílsk. Sérh. í vesturborginni eða Hlíðunum. Rúmg. íb. sem næst Háskólanum. Einbýlish. eða raðh. á einni hæð í Kóp. Einbýlish. í Smábúðarhverfi. Raðh. í Árbæjarhverfi. Mikil útb. fyrir rétta eign. Margskonar eignaskipti mögul.

Opið í dag laugardag frá kl. 1-5 síðdegis.  
Lokað á morgun sunnudag.

**ALMENNA**  
**FASTEIGNASALAN**  
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370